Gunnar Gunnarsson orti þetta ljóð á dönsku til unnustu sinnar 1912. Sonur hans, Gunnar listmálari, gerði löngu síðar myndirnar og saman gáfu þeir feðgar Franziscu, konu skáldsins, verkið á silfurbrúðkaupsdegi þeirra hjóna, 20. ágúst, 1927.

Helgi Hálfdanarson hefur gert íslenzkan texta til fylgdar þessu ljóði, sem ásamt myndunum kemur út í bók á aldarafmæli skáldsins hjá bókaforlaginu Vöku/Helgafelli.



Græna veröld IV, 1988

Að sviðsetja firringuna


Nokkur orð um sýningu HELGA ÞORGILS FRIÐJÓNSSONAR á Kjarvalsstöðum.

Á Kjarvalsstöðum stendur nú yfir sýning Helga Þorgils Friðjónssonar og sætir hún sérstökum tíðindum vegna þess að Kjarvalsstaðir hafa boðið þessum unga málara að sýna. Þarmeð er í rauninni verið að segja, að Helgi Þorgils eigi sérstakt og brýnt erindi við okkur og að það sé hlutverk Kjarvalsstaða að koma verkum hans á framfæri. Forstöðumaðurinn á þeim bæ dregur heldur enga dul á þá skoðpun sína, að myndir Helga Þorgils séu það markverðasta í íslenzkri nútíma myndlist; fráhvarf frá áratugagömlum formalisma í málverki og þar að auki „vitsmunalegar". En jafnvel sérfræðinga greinir á um hafra og sauði og Helgi Þorgils var einn þeira, sem ekki fann náð fyrir augum safnstjórans frá Düsseldorf, dr. Jiri Svestka. Kannski þarf ekki að taka það svo mjög alvarlega, því mér skilst að hann sé einn þeirra sem telja að málaðar myndir séu úrelt þing í nútímalist. En það er með málverkið eins og skáldsöguna; hvorttveggja er dæmt til dauða annað slagið - til þ.ess eins að sanna hið fornkveðna, að þeir lifa lengst sem með orðum eru vegnir.

Málverkið gekk í gegnum rétt eina kreppuna á áttunda áratugnum, þegar konseptið - hugmyndalistin - átti að vera það sem koma skyldi. Þegar flestir voru orðnir dauðleiðir á því fyrirbæri, kom „nýja málverkið" svokallaða til sögunnar, en hafði fátt nýtt í för með sér annað en afstöðu sem var a.m.k. stundum ættuð úr hugmyndalistinni. Í því sambandi má benda á, að einn virtasti nútíðarmálari heimsins, Þjóðverjinn Anselm Kiefer sem kynntur var í Lesbók 29. apríl sl., hóf feril sinn undir merki hugmyndalistar og hefur í rauninni aldrei sleppt af henni hendinni.

Þegar Helgi Þorgils var við nám í Hollandi á áttunda tugnum, voru þessi viðhorf mjög í brennidepli, ekki síst í skólum, en hann valdi málverkið engu að síður sem miðil. Þau tíðkuðust þá hin breiðu spjótin; menn fóru mikinn og stundum var eins og litnum hefði verið rótað á dúkinn með skóflum, líkt og þegar bændur róta úr haug. Helgi Þorgils tók ekki þátt í þessum gusugangi ný-expressjónismans; trúlega var aldrei hægt að flokka hann þar. Sameiginlegt var þó, að manneskjan var viðfangsefni númer eitt, tvö og þrjú.

En manneskjan í nútíma myndlist er ekki lengur það sem hún var. Verkamenn við höfnina eru ekki lengur viðfangsefni; ekki heldur fólk að borða „frokost ude i get grönne", eða konur að bródera. Viðfangsefnið er oftar en ekki áhrif nútíma



Gríma, 1988

Enda þótt flestir Íslendingar skilji dönsku til nokkurrar hlítar, þótti útgefendum æskilegt, að ljóðabálki þessum fylgdi íslenzk þýðing af einhverju tagi. En á því eru augljós vandkvæði. Það er alltaf hætt við því, þegar reynt er að flytja svo dýrt kveðin ljóð af einu máli á annað, að mál þýðandans fari fljótt að gera aðrar kröfur en frummálið. Ef fylgt er sama heimtufreka bragformi, er þess vegna meira en hæpið, að þýðingin fari svo nærri efni frumljóðsins sem æskilegt skal teljast. Raunar hlýtur svo gagnger breyting sem það eitt að skipta um tungumál að valda því, að ljóðþýðing verður ævinlega annað kvæði en frumljóðið, hvað sem líður kröfum formsins.

Þegar þýðing er látin fylgja ljóði, er vitaskuld æskilegt, að efni þýðingarinnar sé í þeim námunda við efni frumtextans sem mál og form frekast leyfa; til þess er leikurinn gerður. Og vitaskuld ætti lausamálsþýðing að komast einna næst sjálfu efninu. Þó var hér tekinn sá kostur að halda frumforminu að öðru leyti en því að setja íslenzka stuðlasetningu í staðinn fyrir endarím. Var talið, að með þeim hætti yrði farið einna næst því að sýna samfylgd efnis og forms, enda þótt hvorttveggja sé þá raunar aðeins hálfsögð saga.

HELGI HÁLFDANARSON